

Nd.

248. Nefndarálit

[147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og rætt það við rektor Háskólans. Ákveðið var með bráðabirgðalögum að hefja kennslu í þjóðfélagsfræðum við Háskólann, og létu á annað hundrað stúdentar skrá sig til þess náms á síðastliðnu hausti. Kennsla þessi er þó hvorki sjálfstæð deild né innan þeirra deilda, sem fyrir eru, heldur lýtur hún sérstakri stjórn. Rétt þykir, að menntamálaráðherra sé heimilt að gera þessa námsbraut að sérstakri deild að fengnum tillögum háskólaráðs og eftir umsögn rektors og háskólaritara. Þá hefur þótt nauðsynlegt að setja í lög nokkur frekari ákvæði en eru í bráðabirgðalögum, svo sem fram kemur af breytingartillögum.

Nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fram koma í tillögum á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. des. 1970.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.
Birgir Kjaran.

Eyjólfur K. Jónsson,
fundaskr.
Gunnar Gíslason.

Magnús Kjartansson,
með fyrirvara.
Sigurvin Einarsson.